

## REGLUGERÐ

### um launajöfnunarbætur.

#### 1. gr.

Á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðanna hafa samið um annað, skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, sem hér segir:

#### A) Laun lægri en 50 000 kr.

Á laun, sem eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig greiðast 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

Mánaðarlaun 50 000 kr. samsvara 11 538 kr. vikukaupi ( $\frac{\text{mánaðarkaup} \times 12}{52}$ )  
 og 288.50 kr. tímakaupi ( $\frac{\text{mánaðarkaup}}{173.33}$ ).

Viku- og mánaðarkaup er reiknað í heilum krónum, en tímakaup í tugum ára. 3 500 kr. bætur á mánuði samsvara þannig 808 kr. bótum á viku og 20.20 kr. bótum á klst.

Eftirfarandi dæmi sýna kaupbreytingar skv. lögnum og er miðað við vísitölu 106.18. Í svigum eru tilgreind grunnlaun skv. vísitölu 100.

kaup í sept. 1974	(grunnlaun) + launajöfnunarbót	kaup í okt.--nóv.
50 000 á mánuði	(47 089.85) + 3 500	= 53 500
45 000 - -	(42 380.86) + 3 500	= 48 500
11.538 - viku	(10 866.45) + 808	= 12 346
10.393 - -	( 9 788.10) + 808	= 11 201
288.50 - klst.	( 271.71) + 20.20	= 308.70
259.60 - -	( 244.49) + 20.20	= 279.80

#### B) Laun 50 000—53 000 kr.

Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig greiðast 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægri til annarra.

Í framangreindu felst, að mánaðarlaun á bilinu kr. 50 000 til kr. 53 500 verða öll kr. 53 500. Á sama hátt verður vikukaup á bilinu kr. 11 538 til kr. 12 346 allt kr. 12 346 og tímakaup á bilinu kr. 288.50 til kr. 308.70 allt kr. 308.70.

**C) Bætur á yfirvinnukaup.**

Bætur á yfirvinnukaup greiðast hlutfallslega þannig, að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.

Öll ákvæði kaup- og kjarasamninga um deilitölur og prósentutölur við útreikning yfirvinnukaups skulu haldast, en miðað verði við launaupphæðir eftir að launajöfnunarbætur hafa verið reiknaðar.

**D) Grunnkaupsbreytingar.**

Grunnkaupshækkanir, sem verða á gildistíma reglugerðar þessarar og umsamdar voru með kjarasamningum stéttarfélaganna fyrir 1. okt. 1974 skulu ekki valda missi launajöfnunarbóta. Eftir 3% grunnkaupshækkun 1. des. 1974 skv. samningi mundi kaup reiknast þannig:

Grunnkaup  $\times 1.03 \times 1.0618 +$  launajöfnunarbætur = kaup í desember.

Miðað við, að grunnkaupspáttur launa í dæmum þeim, sem getið er í A-lið taki 3% hækkun frá og með 1. desember 1974, verða laun í desember 1974 til maíloka 1975 eftirfarandi (sbr. þó 6. gr. reglugerðar þessarar):

Gunnlaun til 30.11.1974	Grunnlaun frá 01.12.1974	Laun með verðlags- uppb. 6.18%	Launa- jöfnunar- bætur	Laun frá 01.12.1974
47 089.85	48 502.55	51 500.00	3 500.00	55 000.00
42 380.86	43 652.29	46 350.00	3 500.00	49 850.00
10 866.45	11 192.44	11 884.00	808.00	12 692.00
9 788.10	10 081.74	10 705.00	808.00	11 513.00
271.71	279.86	297.20	20.20	317.40
244.49	251.82	267.40	20.20	287.60

Af þessu leiðir, að mánaðarlaun þannig breytt á bilinu kr. 51 500 til kr. 55 000 verða öll kr. 55 000. Á sama hátt verður vikukaup á bilinu kr. 11 884 til kr. 12 692 allt kr. 12 692 og tímakaup á bilinu kr. 297.20 til kr. 317.40 allt kr. 317.40.

Grunnkaupshækkanir, sem heildarsamtök launþega hafa samið um eða öðlast eftir 1. mars 1975 skulu ekki valda missi launajöfnunarbóta.

**2. gr.**

Hugtökin „full dagvinna“, „regluleg dagvinna“ og „yfirvinnutími“ skal í hverju einstöku tilviki skilgreina skv. ákvæðum gildandi kaup- og kjarasamnings stéttarfélag viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

**A) Afleiddir kauptaxtar (hlutfallstaxtar).**

Þegar ákvarða skal, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur á kauptaxta, sem er hlutfall af öðrum hærri eða lægri kauptaxta (grunntaxta) skal meta hinn afleidda kauptaxta sem sjálfstæðan, þótt áður umsamið hlutfall raskist. Þess skal gætt, að afleiddi taxtinn sé reiknaður af grunntaxtanum án launajöfnunarbóta.

*Dæmi: Mánaðarkaup.*

- Grunntaxti kr. 50 000 verður kr. 53 500 með launajöfnunarbót.  
80% hlutfallstaxti er kr. 40 000 og verður kr. 43 500 með launajöfnunarbót.
- Grunntaxti kr. 60 000 verður óbreyttur kr. 60 000.  
80% hlutfallstaxti er kr. 48 000 og verður kr. 51 500 með launajöfnunarbót.
- Grunntaxti kr. 50 000 verður kr. 53 500 með launajöfnunarbót.  
120% hlutfallstaxti er kr. 60 000 og verður óbreyttur kr. 60 000.

**B) Álög og kaupaukar.**

Með taxa skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna.

a) Sem dæmi um álög, er leggja skal við kaupíð áður en til álita kemur, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur eru: aldurshækkunir, starfsþjálfunarhækkun, löggildingarálög, námskeiðsálög, verkstjóraálög, flokksstjóraálög, óþrifaálög, yfirborgun, viðgerða- og breytingaálög, þungaálög, tengivagnaálög, hæðarálag, erfðisálög, mótortillegg, kælitollegg, talstöðvartillegg, olfutillegg, fjarverutillegg. Uppfaling þessi er ekki tæmandi heldur aðeins leiðbeinandi.

b) Sem dæmi um greiðslur (kaupauka), sem geta svarað með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna og teljast þá ekki til taxa, þegar skoðað er, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur, eru t. d.: verkfæræpingar, flutningaþeningar, fæðisþeningar, fataþeningar, fataþvottapeningar.

Þetta gildir þó aðeins að því marki sem greiðslur þessar eru endurgreiðsla á raunverulega útlögðum kostnaði viðkomandi launþega eða greiðsla fyrir yfirvinnu (t. d. vegna flutninga utan umsamins vinnutíma).

Launajöfnunarbætur valda ekki hækkun á framangreindum álögum í krónutölu, enda er reikningsgrundvöllur óbreyttur. Á þetta bæði við a)- og b)-liði hér að framan.

**C) Vaktaálög og taxi.**

Vaktaálög skal ekki teljast með taxa nema að því leyti sem það kann að vera hærra en svarar til yfirvinnu-, næsturvinnu- og helgidagaálags.

**Dæmi:**

a) Vaktavinna er unnin á tímabilinu kl. 0800 — kl. 2400 mánudaga—föstudaga og vaktir ganga til. Þetta reiknast sem 40 stundir í dagvinnu, 10 stundir í effirvinnu og 30 stundir í næsturvinnu.

$$\text{Meðalálög á vinnustund er } \frac{40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 30 \times 1.8}{80} = 1.35$$

Einungis sá hluti vaktaálags, sem væri hærri en 35% við þessa vinnutímaskiptingu skal teljast með kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu áður en til álita kemur, hvort á hann skuli reikna launajöfnunarbætur.

**3. gr.**

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum til ákvörðunar launajöfnunarbóta skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu.

**A) Launajöfnunarbætur í ákvæðisvinnu.**

Skv. framanskráðu skal meta hverja klst., sem unnin er í ákvæðisvinnu sem 1.2 klst. þannig að 173.3 klst. í ákvæðisvinnu teljast jafngilda 208 klst. (207.96) í tímavinnu.

Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skal því aðeins greiða, að mánaðar- tekjur miðað við fulla dagvinnu deilt með 1.2 séu lægri en kr. 53 500.

Launaupphæðir (mánaðar-, viku- og tímakaup) í 1. gr. reglugerðar þessarar margfaldaðar með 1.2 geta gilt um ákvæðisvinnufólk, þegar meta skal rétt þess til launajöfnunarbóta.

Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu um mánaðarlegt uppgjör eftir á er heimilt að miða uppgjör launajöfnunarbóta til ákvæðisvinnufólks við annað tímabil en mánuð, t. d. viku eða verkþátt, ef öðru verður ekki komið við.

Launajöfnunarbætur á greiðslu (uppgjör) fyrir ákvæðisvinnu koma ekki til greina nema vinnutímaskýrslur liggi til grundvallar, samþykktar af verkkaupa eða umboðsmanni hans.

Launajöfnunarbætur skal aldrei taka inn í reiknitölur ákvæðisverka eða kaup-taxta ákvæðisvinnufólks.

### B) Umreiknað kaup ákvæðisvinnufólks.

Þegar finna á dagvinnutímakaup ákvæðisvinnufólks, sem unnið hefur í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á liðnu tímabili skal nota eftirfarandi reglu og er þá miðað við, að eftirvinnuálag sé 40% og nætur- og helgidagaálag sé 80% en sé álagið annað breytast margfelditölur formúlunnar til samræmis við það:

#### L

$$\frac{\text{DS} \times 1 + \text{ES} \times 1.4 + \text{NHS} \times 1.8}{\text{DK}} \times 1.2$$

Í sviganum er sýnt, hvernig breyta skuli heildarvinnutíma í dagvinnueiningar.

L = launatekjur á útreikningstímabili.

DS = dagvinnustundir.

ES = eftirvinnustundir.

NHS = nætur- og/eða helgidagavinnustundir.

DK = dagvinnutímakaup.

Launajöfnunarbætur eru sú krónutala, sem DK er lægra en kr. 308.70 margfölduð með fjölda dagvinnueininga útreikningstímabilsins. Launajöfnunarbætur mega þó ekki vera hærri en kr. 20.20 á dagvinnueiningu, sbr. ákvæði D-liðar 1. gr. um grunnkaupshækkun.

#### Dæmi:

- a) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu eina viku og haft kr. 25 000 í laun. Hann hefur unnið 40 klst. í dagvinnu, 10 stundir í eftirvinnu og 10 stundir í nætur- og/eða helgidagavinnu.

Launajöfnunarbætur reiknast þannig:

25 000

$$\frac{25\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 10 \times 1.8) \times 1.2} = \text{kr. } 289.40$$

308.70 — 289.40 = kr. 19.30 launajöfnunarbætur á klst.

Heildarlaunajöfnunarbætur á viku: 19.30 × 72 = kr. 1 389.60. (72 er heildarvinnutími umreiknaður í dagvinnueiningar).

- b) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu í eina viku og haft kr. 20 000 í laun. Hann hefur unnið 40 klst. í dagvinnu og 10 klst. í eftirvinnu. Launajöfnunarbætur eru:

20 000

$$\frac{20\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 0 \times 1.8) \times 1.2} = 308.60$$

308.70 — 308.60 = 0.10 launajöfnunarbætur á klst. Heildarlaunajöfnunarbætur eru: 0.10 × 54 = 5.40.

- c) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu í eina viku og haft kr. 18 000 í laun. Hann hefur unnið í 40 klst. í dagvinnu og 10 klst. í eftirvinnu. Launajöfnunarbætur eru:

18 000

$$\frac{18\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 0 \times 1.8) \times 1.2} = \text{kr. } 277.80$$

308.70 — 277.80 = kr. 30.90. Launajöfnunarbætur eru þó aðeins kr. 20.20 á klst. (hámark bóta í dagvinnueiningu)  $\times 54 = 1\,090.80$ . (54 er heildarvinnutími umreiknaður í dagvinnueingar).

#### 4. gr.

##### Vaktaálag.

Vaktaálög haldist óbreytt að hundraðshluta skv. gildandi samningum, sbr. þó C-lið 2. gr. reglugerðar þessarar.

Neðra þrep vaktaálags í samningum opinberra starfsmanna hækki í sama hlutfalli og yfirvinnukaup í lægsta launaflokki.

#### 5. gr.

##### A) Kauptrygging á fiskiskipum.

Á kauptryggingu sjómanna á fiskiskipum skal greiða launajöfnunarbætur eins og á almenn mánaðarlaun þó þannig að hækka skal launamörkin kr. 50 000 og kr. 53 500 um 35%. Greiðast því launajöfnunarbætur að fjárhæð kr. 4 725 á kauptryggingu, sem er lægri en kr. 67 500, en kauptrygging á bilinu kr. 67 500 til kr. 72 225 verður að viðbættum launajöfnunarbótum kr. 72 225.

##### B) Launajöfnunarbætur til sjómanna á togurum yfir 500 brúttórúmlæstir.

Þegar ákvarða skal launajöfnunarbætur til sjómanna á togurum þessum skal nota eftirfarandi reglu til að finna hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu:

Deila skal í heildarmánaðarkaupið (fastakaup + aflahlut + álag sbr. 2. gr.) með 1.8.

Ef mánaðarlaun þannig umreiknuð eru lægri en kr. 50 000 skal reikna á þau fullar launajöfnunarbætur kr. 3 500.

Á mánaðarlaun skv. framansögðu, sem eru á bilinu kr. 50 000 til 53 500 greiðist kr. 3 500 bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem launin eru hærri en kr. 50 000.

Ef mánaðarlaun skv. framansögðu eru kr. 53 500 eða hærri skal ekki reikna á þau launajöfnunarbætur.

Heimilt er að nota annað viðmiðunartímabil en mánuð, sé það talið nauðsynlegt.

##### C) Launajöfnunarbætur til farmanna.

Þegar ákvarða skal launajöfnunarbætur til farmanna skal nota eftirfarandi reglu til að finna hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu: Deila skal í mánaðarkaupið að viðbættum álögum (sbr. 2. gr.) með 1.1. Ef mánaðarlaun þannig fengin eru kr. 50 000 eða lægri skal reikna á þau fullar launajöfnunarbætur kr. 3 500. Ef mánaðarlaun skv. framansögðu eru kr. 53 500 eða hærri skal ekki reikna á þau launajöfnunarbætur.

Mánaðarlaun skv. framansögðu, sem eru á bilinu kr. 50 000 til kr. 53 500 verða að viðbættum launajöfnunarbótum kr. 53 500.

**6. gr.**

Þar sem ekki er annars getið í reglugerð þessari eru launatölur miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 106.18.

**7. gr.**

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 13/1975 og hefur sama gildistíma og lögín.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

*Forsætisráðuneytið, 27. maí 1975.*

**Geir Hallgrímsson.**

*Björn Bjarnason.*

**REGLUGERÐ****um ákvörðun og innheimtu sérstaks verðálags á búvöru.****1. gr.**

Við verðlagningu búvöru frá 1. desember 1974, samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga nr. 101/1966, skal hækka verð á mjólk, kindakjöti, nautakjöti og kartöflum sem því svarar, að launaliður verðlagsgrundvallar búvöru hækki um 5.5%. Hækkun þessi miðast við launalið verðlagsgrundvallar eins og hann varð við haustverðlagningu 1974, og hún skal baldast til 31. maí 1975, og þar til annað verður ákveðið.

Verðhækkun sú, er um ræðir í fyrri málgr., er ákveðin til þess að standa straum af greiðslu launajöfnunarbóta til tekjulágra bænda, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga verðlagsmál o. fl.

**2. gr.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar verðálag það, er um ræðir í 1. gr., að höfðu samráði við Sexmannanefnd.

**3. gr.**

Verðálag það, er um ræðir í 1. gr., kemur fram í hækkunni heilsöluverði og útsöluverði á mjólk og mjólkurvörum, kindakjöti, nautgripakjöti og kartöflum, eftir gildandi starfsreglum Sexmannanefndar, sbr. og II. kafla laga nr. 101/1966.

Verðhækkun þessi skal ekki hafa áhrif á ákvörðun vinnslu- og dreifingarkostnaðar á umræddum vörum, né á krónuupphæð smásöluálagningar.

**4. gr.**

Aðilar, sem dreifa umræddum vörum í heilsölu, skulu greiða andvirði verðálagsins jafnóðum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, eftir nánari ákvörðun þess. Þessir aðilar eru og skyldir til að láta í té söluskýrslur og hvers konar aðrar upplýsingar, sem með þarf í þessu sambandi að dómi Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráði er heimilt að draga gjaldfallið verðálag frá niðurgreiðslufé, sem sama söluaðila ber, og það jafnt þótt verðálag sé vegna búvöru, sem ekki er greidd niður af ríkissjóði.